

# **Skólaráðsfundur 12. des. 2013 kl. 15:30.**

Fundur settur kl. 15:30 í stofu 306.

Fundarstjóri: Jóhanna Magnúsdóttir, skólastjóri  
Fundarritari: Ásta Steina Jónsdóttir, deildarstjóri

Mættir: Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri, Ásta Steina Jónsdóttir deildarstjóri,  
Margrét Guðm. varamaður starfsmanna, Arna Björk Birgisdóttir fulltrúi kennara og Elísabet Jónsdóttir fulltrúi kennara  
Pétur Magnússon fulltrúi grenndarsamfélagsins, Ólína Margeirsdóttir fulltrúi og Óskar Kristjánsson formaður foreldrafélagsins og varamaður foreldra.

Forföll boðuðu:

Hreiðar Örn Zöega Stefánsson fulltrúi foreldra og kom varamaður hans Óskar Kristjánsson.  
Helga Guðjónsdóttir fulltrúa starfsmanna og kom varamaður hennar Margrét Guðm.  
Andri Freyr Jónasson fulltrúi nemanda boðaði forföll en Aníta Rut Ólafsdóttir formaður nemendaráðs mætti ekki.

## **Dagskrá fundarins:**

Fundur kl. 15:30 í stofu 306

Dagskrá fundar:

### **1. Fjárhagsáætlun 2014**

Skoðaðir voru einstakir fjárhagsliðar t.d. matur sem hækkar um 30% á milli ára, en alls gerir ársáætlun ráð fyrir 6% hækkun hjá grunnskóla, leikskóli lækkar enda er áfram gert fyrir einni deild en ekki tveimur. Frístundaselið hækkar um 57% en þar er verið að færa til peninga sem Mosfellsbær greiddi áður beint til ÍTOM en fara núna til Frístundasels og þaðan til tólmundastarfa því er þetta í raun ekki hækkun.

### **2. Skóladagatal 2014 -2015**

Rætt var um muninn á því að hafa 1, 2, 3 og 4 vetrarfrídaga. Skólaslit yrðu þá á bilinu 4/6 – 9/6 og síðasti dagur hjá starfsmönnum 8/6 – 12/6  
Skólaráð leggur til að gerð verði könnun í ár meðal foreldra og hugur þeirra kannaður bæði í Varmár- og Lágafellsskóla og verði þessar kannanir eins.

### **3. Eineltiskönnun haustið 2013 – kynning niðurstaðna**

JM fór yfir niðurstöður hjá annarsvegar 5. – 10. bekk og svo hinsvegar 3. – 4. bekk.  
Elísabet benti á að gott væri að bera hvern árgang alltaf saman við sjálfan sig til þess að fá réttar mynd af stöðunni því þegar verið væri að horfa á miðstig og elsta stig á milli ára þá væru aldrei sömu árgangar á bak við tölurnar og skekki því stöðuna.  
Áhyggjur eru af því að nemendur séu ekki alltaf að svara að einlægni og því gefi þessi könnun ekki alveg rétta mynd af stöðunni. Kennurum finnst nemendaviðtöl skila betri árangri en þau tekur umsjónarkennari einu sinni á hvorri önn við hvern og einn nemanda sinn eftir fyrirfram ákveðnu prógrammi sem fengið er að danskri fyrirmynd.

#### 4. Önnur mál

Foreldrafélagið stefnir að því að fá Vöndu Sigurgeirsd. á fyrirlestur fyrir foreldra.

Verið að vinna að samstarfi meðal Foreldrafélagsins og Skólaráðs.

Fundarritari  
Ásta Steina